

GJALDSKRÁ

fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi Norður-Héraði.

A. Framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. laga nr. 73/1997.

1. Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalds.

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 50.000. Gjald þetta skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu aprilmánaðar 2001.

Fjárhæð gjalds skal ekki nema hærri fjárhæð en nemur kostnaði þeim er sveitarfélagið verður fyrir vegna útgáfu, undirbúnings leyfisins, yfirferð hönnunargagna og eftirlits.

Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur undanfari útgáfu framkvæmdaleyfis telst kostnaður sem sveitarfélag hefur vegna þess hluti af kostnaði við undirbúning leyfisins.

2. Gjaldddagi.

Framkvæmdaleyfisgjald skal greiða við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við framkvæmdaleyfishafa um fyrirkomulag greiðslna.

Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og framkvæmdaleyfishafa við útgáfu framkvæmdaleyfis.

3. Innheimta gjalda.

Framkvæmdaleyfisgjaldi fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Framkvæmdaleyfisgjald er ekki endurkræft þó framkvæmdaleyfi falli úr gildi.

4. Gjaldtökuheimild.

Um gjaldtöku samkvæmt A-lið gjaldskrár þessarar fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og 9. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Gjaldtaka vegna leyfa samkvæmt 3. tl. og 4. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 73/1997 fer eftir sömu ákvæðum.

B. Byggingarleyfi samkvæmt 43. gr. laga nr. 73/1997.

1. Fjárhæð og grundvöllur gjalda.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis skal greiða grunngjald kr. 5.000. Að auki greiðast kr. 50 pr. rúmmetra byggingar sem leyfi varðar.

Heimilt er að krefja fyrir hverja yfirferð nýrra eða breyttra hönnunargagna eftir útgáfu byggingarleyfis gjald á bilinu kr. 4.000 til kr. 18.000 eftir umfangi verks.

Fyrir hverja úttekt skal greiða kr. 4.000. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákvarða herra gjald fyrir úttekt ef hún telst óvenju umfangsmikil.

Fyrir vottorð skal greiða kr. 6.000.

Fjárhæðir samkvæmt þessari grein eru bundnar við vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu aprilmánaðar 2001.

2. Gjald dagar.

Byggingarleyfisgjald skal greitt við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við byggingarleyfishafa um annan gjalddaga.

Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og byggingarleyfishafa við útgáfu byggingarleyfis.

Fyrir yfirferð hönnunargagna skal greiða við móttöku yfirfarinna gagna.

Úttektargjald er gjaldkræft þegar úttekt er lokið.

Fyrir vottorð skal greiða við útgáfu þess.

3. *Innheimta gjalda.*

Gjöldum samkvæmt B-lið gjaldskrár þessarar fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Gjöld þessi eru ekki endurkræf þó byggingarleyfi falli úr gildi.

4. *Gjaldtökuheimild.*

Um gjöld samkvæmt B-lið gjaldskrár þessarar fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og byggingarreglugerð nr. 441/1998.

C. Stöðuleyfi fyrir vinnubúðir samkvæmt 58. gr. og stöðuleyfi skv. 71. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

1. *Fjárhæð og grundvöllur gjalds.*

1.1. Fyrir útgáfu stöðuleyfis vinnubúða á grundvelli 58. gr. byggingarreglugerðar skal greiða grunngjald kr. 10.000. Að auki greiðist gjald vegna yfirferðar gagna, undirbúnings og eftirlits byggingarfulltrúa sem hér segir:

- a. Vinnubúðir án deiliskipulags: Kr. 30.000 til kr. 300.000 eftir umfangi. Við ákvörðun gjalds skal taka mið af fjölda bygginga, staðsetningu vinnubúða og hversu lengi þær eiga að standa. Gjald skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en kostnaður sá er leiðir af útgáfu leyfisins.
- b. Deiliskipulagðar vinnubúðir: Kr. 100.000 til kr. 1.000.000 eftir umfangi. Sveitarstjórn er heimilt að semja sérstaklega við umsækjanda um stöðuleyfisgjald ef vinnubúðir eru deiliskipulagðar og tengjast framkvæmdaskyldri mannvirkjagerð. Skal þar tekið mið af umfangi, staðsetningu og áætluðum stöðutíma.
- c. Heimilt er að krefja um sérstakt gjald fyrir hverja yfirferð byggingarfulltrúa vegna nýrra eða breyttra gagna eftir útgáfu stöðuleyfis. Skal það gjald vera á bilinu kr. 4.000 til kr. 18.000 eftir umfangi verks.
- d. Fyrir hverja sérstaka úttekt byggingarfulltrúa skal greiða kr. 4.000. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákvarða hærra gjald fyrir úttekt ef hún telst óvenju umfangsmikil.
- e. Fyrir vottorð skal greiða kr. 6.000.

1.2. Fyrir útgáfu stöðuleyfa skv. 71. gr. byggingarreglugerðar skal greiða grunngjald kr. 5.000. Að auki greiðist gjald vegna yfirferðar gagna og undirbúnings og eftirlits byggingarfulltrúa sem hér segir:

- a. Krefjist aðstæður þess að byggingarnefnd eða byggingarfulltrúi komi á vettvang áður en beiðni er afgreidd greiðist á bilinu kr. 4.000 til kr. 10.000.

Fjárhæðir samkvæmt þessari grein eru bundnar við vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu aprílmánaðar 2001.

2. *Gjalddagar.*

Byggingarleyfisgjald og gjöld vegna stöðuleyfis skulu greidd við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við byggingarleyfishafa um annan gjalddaga.

Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og byggingarleyfishafa við útgáfu byggingarleyfis.

Fyrir yfirferð hönnunargagna skal greiða við móttöku yfirfarinna gagna.

Úttektargjald er gjaldkræft þegar úttekt er lokið.

Fyrir vottorð skal greiða við útgáfu þess.

3. *Innheimta gjalda.*

Gjöldum samkvæmt B-lið gjaldskrár þessarar fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Gjöld þessi eru ekki endurkræf þó byggingarleyfi falli úr gildi.

4. *Gjaldtökuheimild.*

Um gjöld samkvæmt B-lið gjaldskrár þessarar fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997, skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi gjaldskrá nr. 875/2001.

Samþykkt í sveitarstjórn Norður-Héraðs, 2. mars 2004.

Brúarási, 31. mars 2004.

F.h. sveitarstjórnar Norður-Héraðs,

Jónas Þór Jóhannsson sveitarstjóri.